

Styrkumsókn til ÍTH og kynning

UNGLINGURINN:

Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson hafa samið leikrit um hvernig er að vera unglingur í dag.

Þeir eru báðir í unglingadeild í grunnskólum Hafnarfjarðar. Arnór er að fara í 10 bekk í Setbergsskóla og Óli er að fara í 9 bekk í Öldutúnsskóla.

Báðir hafa þeir komið töluvert nálægt leiklist og skapandi áhugamálum í gegnum tíðina.

(sjá meðfylgjandi ferilsskrá)

Þeir nálguðust okkur í Gaflaraleikhúsinu með þá hugmynd að gera leikrit um það hvernig er að vera unglingur í dag.

Við tókum að sjálfsögðu vel í hugmyndina og hvöttum þá til að skrifa. Nú eru komnar 25 blaðsíður af handriti og lítur bara svona asskoti vel út hjá þeim. Þessir strákar hafa góða reynslu miða við aldur og hafa bæði leikið og skrifað töluvert og eftir að hafa kíkt á handritið þá vitum við að hér er á ferðinni verðmæt hugmynd og leikrit sem þjónar vel tilgangi jafningjafræðslu.

Við í Gaflaraleikhúsinu viljum leggja til góðan leikstjóra og faglegri umgjörð til að hjálpa strákunum að gera vandaða sýningu. Ætlunin er svo að sýna fyrir mið og unglingadeild í grunnskólum Hafnarfjarðar og á stór Reykjavíkursvæðinu. Sýnt verður í Gaflaraleikhúsinu en sýningin er einnig hugsuð sem ferðasýning.

Leikstjóri verður Björk Jakobsdóttir. (sjá meðfylgjandi ferilsskrá)

Leikritið er byggt upp í uppistands stíl með leiknum senum. Handritið er meinfyndið en á sama tíma mjög einlægt og tekur á öllum helstu málum sem brenna á unglingum á þessum aldri. Í verkinu er tekið á hlutum eins og einelti, samskiptum við stelpur, samkynhneigð, samskiptum við kennara og foreldra. Hvernig upplifa unglingar skólann, fréttir og pólitík? Unglinga húmor, unglinga komplexar eins og rétt gelað hár og að vera að deyja úr minnimáttarkennd og það að þurfa alltaf að vera með klámkjáft og segja hommabrandara án þess að hafa hugmynd um af hverju.

Hvernig stendur maður með sjálfum sér og hvernig í ósköpunum fer maður að því að reyna við **STELPUR**. Hvað dýrategund er það eiginlega!!!. Eins og þeir segja svo fallega í handritinu. Eina sem þarf eru nokkrar sekúndur af brjáluðu hugrekki.

Það hefur verið frábært að lesa handritið hjá þeim. Það er mjög fyndið og á sama tíma fræðandi bæði fyrir jafnaldra og ekki síður fyrir foreldra. Við höfum gott af því að skyggjast aðeins inn í hugarheim barnanna okkar.

Eftir sýningu ganga svo allir út glaðir í hjarta eftir góða sýningu þar sem mikið er hlegið en með þau mikilvægu skilaboð að við erum öll beygluð og viðkvæm á þessum aldri og það er bara allt í lagi að vera eins og maður er.

EINA SEM ÞARF STUNDUM ER SMÁ HUGREKKI.

Hugrekki til að reyna við þann sem maður er skotinn í, hugrekki til að segja nei og hugrekki til að segja það sem manni finnst.

FERILSKRÁ:

ÓLI GUNNAR GUNNARSSON. Leikari

Leikhús: Kardimommubærinn – Þjóðleikhúsið

Latabæjarsjóíð – laugardalshöllin

Jólatónleikar Björgvins Halldórssonar seinustu 3 ár – Laugardalshöllin

Fúsi Froskagleypir, aðalhlutverk – Gaflaraleikhúsið

Sjóræningjaprinsessan, aðalhlutverk – Gaflaraleikhúsið.

Auk þess að skrifa og leika í leikritum með Öldutúnsskóla

TALSETNING: Aðalhlutverk í “UP” teiknimyndinni, Disney/pixar

Aðalhlutverk “mars needs moms” Disney

Drengurinn í “toy story 3” Disney

Aðalhlutverk /drengurinn í Goðsagnirnar 5, dreemworks. –

Christmas caroll, ólivíu þættirnir, bangsimon ofl smærri hlutverk

ANNAD: Skrifað handrit og kynnt danssýningar á stórasvið Borgarleikhússins síðastliðin 2 vor

Var í úrslitum upplestrakeppni grunnskólanna. Gert stuttmyndir og skrifað sögur í frítímum. Verið á leiklistarnámskeiðum og spunavinnu frá unga aldri

ARNÓR BJÖRNSSON: leikari

Leikhús: Fúsi froskagleypir, , aðalhlutverk – Gaflaraleikhúsið

Jólatónleikar Björgvins Halldórssonar seinustu 3 ár – Laugardalshöllin

Skrifað og leikið í hinum ýmsu leikritum með setbergsskóla

Talsetning: Bangsimon

Astroboy

ANNAD: Skrifað handrit og kynnt danssýningu á stóra sviði Borgarleikhússins síðustu tvö vor.

Var í úrslitum í upplestra keppni grunnskólanna

Tekið þátt í hinum ýmsu leiklistarnámskeiðum og spunavinnu frá unga aldri

BJÖRK JAKOBADÓTTIR LEIKSTJÓRI

Björk hefur leikið, skrifað, leikstýrt og framleitt síðan hún útskrifaðist úr leiklistarskóla Íslands ári 1993.. Hún hefur leikið í fjöldanum öllum af sýningum ásmat því að vera vel þekktur uppistandari og leikkona.

Sýningar sem hafa slegið í gegn undanfarið sem Björk hefur komið nálægt eru t.d.

BLAKKÁT – Björk skrifaði og leikur, Gengið fyrir fullu húsi í allan vetur

SELLÓFON – Björk skrifaði og lék á Íslandi. Verið sett upp í fjölda landa í Evrópu. M.a í leikstjórn Bjarkar

FÚLAR Á MÓT. – Björk lék og tók þátt í endurskrifum

ALVÖRU MENN– Björk þýddi, aðlagaði og gerði leikmynd

CRY BABY - söngleikur Verslunarskólans – Björk leikstýrði

MÚLAN RÚS - söngleikur með FG sem vann áhugasýning ársins – Björk gerði handrit og leikstýrði

V.Í WILL ROCK YOU – nýr söngleikur með Verslunarskóla Íslands sem sló aðsóknarmet í vetur. – Björk skrifaði og leikstýrði

Björk hefur auk þess tekið þátt í fjöldanum öllum af uppfærslum og annarri leiklistarstarfsemi sem er of langt mál að fara út í hér

FJÁRHAGSÁÆTLUN

laun leikstjóra	600.000	gaflaraleikhús	300.000
handrit	100.000		
leikaralaun	100.000	unglingavinna	100.000
ljósahönnun	200.000		
leikmynd	200.000		
tæknivinna	100.000	gaflaraleikhús	100.000
húsaleiga	200.000	gaflaraleikhús	200.000
prog markaðsmál	500.000	gaflaraleikhús	250.000
	2.000.000		1.000.000

Vinnuskóli Hafnarfjarðar hefur gefið höfundum tækifæri á að vinna við verkefnið í sumar á launum í stað þess að viðkomandi væru að vinna í almennum vinnuhópum.

Hér með er óskað eftir stuðningi ÍTH nefndarinnar upp á 150.000 kr til að koma verkefninu í framkvæmd í sumar. Allur annar stuðningur er vel þeginn eins og að kaupa upp sýningar fyrir hópa á vegum ÍTH.

Kær kveðja, fh. Gaflaraleikhússins

Björk Jakobsdóttir